Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram námshæfniviðmið í íþróttum í fjórum mismunandi flokkum:

- Heilsa og velferð
- Hreyfing og afkastageta
- Félagslegir þættir og samvinna
- Öryggi og skipulag

Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í formi mismunandi íþróttagreina og hópleikja sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi. Unnið er út frá því að efla námshæfni allra nemenda ásamt því að mæta þörfum hvers og eins nemanda. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér góða framkomu, séu virk í tímum, taki tillit til samnemenda sinna og fari eftir fyrirmælum kennara.

3. Bekkur

Íþróttir		Kennarar: Guðni, Kristján og Sara		
Námshæfni	Hæfniviðmið Ætlast er til þess að nemandi:	Námsefni/ kennslugögn	Kennsluhættir	Matsviðmið/ Námsmat
Heilbrigði og velferð	- Tekið þátt í útivist og klætt sig eftir veðri - Gert æfingar sem reyna á þol - Sýnt umhverfi sínu virðingu og notfært sér sitt nær umhverfi í útivist - Geti stundað íþróttir og leiki á eigin forsendum í hóp og sem einstaklingur - Ratað um skólahverfið sitt	Íþróttahús Skólalóð Hlaupaleiðir/kort	Innlagnir Hlaup, ganga, hjóla Íþróttir Verklegar æfingar Keppnisleikir Knattleikir	Mat og skipting á námshæfni kemur fram í verkefnabók nemanda í Mentor

Hreyfing og afkastageta	- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á samhæfingu - Efla gróf og fínhreyfingar - Sýnt nokkra boltafærni og geti tekið þátt í mismunandi boltaleikjum - Þjálfað þol, styrk, hreyfifærni og liðleika	Íþróttahús Kársnesskóla Skólalóð Kársnesskóli	Innlagnir Hlaup, ganga, hjóla Íþróttir Verklegar æfingar	Mat og skipting á námshæfni kemur fram í verkefnabók nemanda í Mentor
Félagslegir þættir	- Nemendur hafi tileinkað sér skilning á reglum og keppnis fyrirkomulagi. - Unnið í samvinnu og haft jafnrétti að leiðarljósi. - Tekist á við sigra og ósigra - Sýni öðrum nemendur og kennara sklning, tillitsemi og virðingu. - Viðhafi jákvæð samskipti til að efla liðsanda - Hafi félagslega færni til samskipta við nýja félaga í íþróttum og leikjum	Íþróttahús Kársnesskóla Skólalóð	Innlagnir Hlaup, ganga, hjóla Íþróttir Verklegar æfingar	Mat og skipting á námshæfni kemur fram í verkefnabók nemanda í Mentor
Öryggi og skipulag	- Tileinki sér rétta líkamsbeitingu - Umgengist áhöld og búnað á öruggan og viðeigandi hátt - Sýni öryggis- og umgengisreglum skilning og fylgi þeim eftir	Íþróttasalur Búningsklefar Skólalóð	Umræða um námsefni, öryggi og reglur	Mat og skipting á námshæfni kemur fram í verkefnabók nemanda í Mentor

Niðurstöður námsmats birtist nemendum og forráðamönnum í gegnum hæfniviðmið og matsviðmið inn á Mentor. Þar geta foreldrar og nemendur nálgast hæfnikort nemenda og séð yfirlit yfir hvar nemandinn er staddur hverju sinni.

Matskvarði yngsta stigs

Framúrskarandi - Hæfni náð - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð

- Nemandi sem fær ✕ í einkunn er að læra og þarf aðstoð og meiri æfingu til að geta sleppt hjálpardekkjunum.
- Nemandi sem nær að nýta sér þekkingu í kunnuglegum aðstæðum en þarf stundum aðstoð er nemandi sem fær ○ .
- Ef nemandi nær ✓ í einkunn þá nær hann færninni sem stefnt er að og er tilbúinn að halda áfram. Hann er bara á nokkuð góðri ferð.
- Að lokum er það nemandi sem hefur náð ★ . Hann er framúrskarandi og getur gert allskonar listir.

Skólaárið 2020 - 2021

	Ég kem með mínar eigin hugmyndir, sjónarmið og stíl í hverju sem ég tek mér fyrir hendur. Ég þekki efnið mjög vel og get miðlað því áfram. *Framúrskarandi!*	★
	Ég næ færninni sem stefnt er að og er tilbúinn til að halda áfram. *Vel gert.*	✓
	Ég næ að nýta mér þekkinguna í kunnuglegum verkefnum og aðstæðum en þarf stundum aðstoð. *Haltu áfram að æfa þig.*	○
	Ég er að læra og þarf aðstoð frá öðrum og meiri æfingu. *Þú getur þetta!*	✕

Kennsluáætlun
Yngsta stig
2020 - Haust

Vika	Dagsetning	Kennsla/viðfangsefni
1 - 6	26.08 – 25.09	Útivist - Útihlaup, íþróttir, leikir og æfingar
7	28.09 – 02.10	Byrjum inni í íþróttasal - Handbolti
8	05.10 – 09.10	Leikir Skipulagsdagar + fjölgreindarleikar: 5-7.Okt
9	12.10 – 16.10	Körfubolti
10	19.10 – 23.10	Stöðvaþjálfun Liðleiki, styrkur, hreyfifærni, samhæfing.
11	26.10 – 30.11	Leikir Vetrarfrí: 26-27.Okt
12	02.11 – 06.11	Knattspyrna
13	09.11 – 13.11	Bandý
14	16.11 – 20.11	Æfingar sem reyna á þol Skipulagsdagur: 19.Nóv
15	23.11 – 27.11	Leikir
16	30.11 – 04.12	Tarzan
17	07.12 – 11.12	Badminton
18	14.12 – 18.12	Íþróttasalur – Leikir Jólaskemmtanir 17-18.Des

*Íþróttakennarar áskilja sér rétt á að breyta kennsluáætlun án fyrirvara